Gjöf retigabíns með fituríkri máltíð breytti ekki heildarumfangi frásogs retigabíns en fæða minnkaði breytileika í C_{max} (23%) á milli einstaklinga, í samanburði við gjöf á fastandi maga (41%) og olli hækkun í C_{max} (38%). Undir venjulegum klínískum kringumstæðum er ekki gert ráð fyrir að áhrif fæðu á C_{max} hafi klíníska þýðingu. Trobalt má því taka með eða án fæðu.

Dreifing

Á þéttibilinu 0,1 til 2 míkróg/ml eru um 80% retigabíns bundin plasmapróteinum. Dreifingarrúmmál retigabíns við jafnvægi er 2 til 3 l/kg eftir gjöf í bláæð.

Umbrot

Retigabíns er að verulegu leyti umbotið hjá mönnum. Stórum hluta retigabínsskammts er breytt í óvirk N-glúkúróníð. Retigabín er einnig umbrotið í N-asetýlumbrotsefni (NAMR) sem tengist síðan einnig

glúkúróníðum. NAMR hefur virkni gegn flogaveiki en er ekki eins öflugt og retigabín í flogalíkönum hjá dýrum.

Engar vísbendingar eru um oxunarumbrot retigabíns eða NAMR í lifur fyrir tilstilli cytókróm-P450-ensíma. Því er ekki líklegt að samhliða gjöf hemla eða örva á cytókróm-P450-ensím hafi áhrif á lyfjahvörf retigabíns eða NAMR.

Rannsóknir *in vitro* með lifrarfrymisögnum úr mönnum sýndu litla eða enga eiginleika retigabíns til að hindra helstu cytókróm-P450-ísóensím (þ.m.t. CYP1A2, CYP2A6, CYP2C8, CYP2C9, CYP2C19, CYP2D6, CYP2E1 og CYP3A4/5). Auk þess örvuðu retigabín og NAMR ekki CYP1A2 eða CYP3A4/5 í lifrarfrumum (primary hepatocytes) hjá mönnum. Því er ekki líklegt að retigabín hafi hindrandi eða örvandi áhrif á lyfjahvörf hvarfefna helstu cytókróm-P450-ísóensímanna.

Brotthvarf

Brotthvarf retigabíns verður fyrir tilstilli bæði umbrota í lifur og útskilnaðar um nýru. Aftur endurheimtast um 84% af skammtinum í þvagi, þ.m.t. N-asetýlumbrotsefnið (18%), N-glúkúróníð virka efnisins og N-asetýlumbrotsefnisins (24%) og virka efnið óbreytt (36%). Aðeins 4% af retigabíni eru skilin út í hægðum. Helmingunartími retigabíns í plasma er um 6 til 10 klukkustundir. Heildarúthreinsun retigabíns úr plasma eftir gjöf í bláæð er yfirleitt 0,4 til 0,6 l/klst./kg.

Línuleg tengsl

Lyfjahvörf retigabíns eru nánast línuleg yfir skammtabilið 25 til 600 mg fyrir staka skammta hjá heilbrigðum sjálfbóðaliðum og allt að 1.200 mg/dag hjá sjúklingum með flogaveiki og engin óvænt uppsöfnun varð í kjölfar endurtekinna skammta.

Sérstakir sjúklingahópar

Skert nýrnastarfsemi

Í rannsókn á stökum skömmtum jókst AUC fyrir retigabín um u.þ.b. 30% hjá sjálfbóðaliðum með væga skerðingu á nýrnastarfsemi (kreatínínúthreinsun 50 til 80 ml/mín.) og um u.þ.b. 100% hjá sjálfbóðaliðum með miðlungs- til verulega skerta nýrnastarfsemi (kreatínínúthreinsun < 50 ml/mín.), samanborið við heilbrigða sjálfbóðaliða. Mælt er með aðlögun skammta af Trobalt hjá sjúklingum með miðlungs- til verulega skerta nýrnastarfsemi, en ekki er mælt með neinni aðlögun skammta af Trobalt hjá sjúklingum með væga skerðingu á nýrnastarfsemi (sjá kafla 4.2).

Í rannsókn með stökum skömmtum hjá heilbrigðum sjálfbóðaliðum og einstaklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi, jókst AUC fyrir retigabín um u.þ.b. 100% hjá einstaklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi miðað við heilbrigða sjálfbóðaliða.

Í annarri rannsókn með stökum skömmtum, hjá einstaklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi sem fengu langvarandi blóðskilun (n = 8), leiddi skilun sem hófst u.þ.b. 4 klst. eftir gjöf staks skammts af retigabín (100 mg), til lækkunar á þéttni retigabíns í plasma um 52% að miðgildi, frá upphafi til loka skilunar. Flutfallsleg lækkun á þéttni í plasma meðan á skilun stóð var á bilinu 34% til 60%, nema hjá einum einstaklingi þar sem lækkunin var 17%.

Skert lifrarstarfsemi

Í rannsókn á stökum skömmtum komu ekki fram klínískt marktæk áhrif á AUC fyrir retigabín hjá sjálfbóðaliðum með væga skerðingu á lifrarstarfsemi (5 til 6 á Child-Pugh-kvarða). AUC fyrir retigabín hækkaði um u.þ.b. 50% hjá sjálfbóðaliðum með miðlungsskerta lifrarstarfsemi (7 til 9 á Child-Pugh-kvarða) og um u.þ.b. 100% hjá sjálfbóðaliðum með verulega skerta lifrarstarfsemi (> 9 á Child-Pugh-kvarða), miðað við heilbrigða sjálfbóðaliða. Mælt er með aðlögun á Trobalt skammtinum hjá sjúklingum með miðlungs- eða verulega skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 4.2).

Líkamsþyngd

Í þýðisgreiningu á lyfjahvörfum, jókst úthreinsun retigabíns með auknu yfirborðsflatarmáli líkamans. Aukningin er hins vegar ekki talin hafa klínísku þýðingu og þar sem retigabínsskammtar eru aðlagðir samkvæmt svörun og þoli einstakra sjúklinga er ekki þörf á skammtaaðlögun á grundvelli líkamsþyngdar.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Í rannsókn á stökum skömmtum var brotthvarf retigabíns hægara hjá heilbrigðum öldruðum sjálfboðaliðum (66 til 82 ára að aldri) miðað við heilbrigða unga fullorðna sjálfboðaliða, sem leiddi til hærri AUC (u.þ.b. 40 til 50%) og lengri lokahelmingunartíma (30%) (sjá kafla 4.2).

Kyn

Niðurstöður úr rannsókn á stökum skömmtum sýndu að hjá ungum fullorðnum sjálfboðaliðum var C_{max} fyrir retigabín u.þ.b. 65% hærri hjá konum en körlum og hjá öldruðum sjálfboðaliðum (66 til 82 ára) var C_{max} u.þ.b. 75% hærri hjá konum samanborið við karla. Þegar C_{max} var leiðrétt m.t.t. þyngdar, voru gildin u.þ.b. 30% hærri hjá ungum konum en körlum og 40% hærri hjá öldruðum konum en körlum. Hins vegar var enginn greinanlegur munur milli kynja á úthreinsun leiðrétt m.t.t. þyngdar og þar sem retigabínsskammtar eru aðlagðir samkvæmt svörun og þoli einstakra sjúklinga er ekki þörf á skammtaaðlögun á grundvelli kyns.

Kynþáttur

Greining á mörgum rannsóknum hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum sýndi 20% skerðingu á úthreinsun retigabíns hjá heilbrigðum svörtum sjálfboðaliðum samanborið við heilbrigða sjálfboðaliða af hvítum kynþætti. Þessi áhrif eru hins vegar ekki talin hafa klínísku þýðingu og því ekki mælt með skammtaaðlögun fyrir Trobalt.

Börn

Lyfjahvörf retigabíns hafa ekki verið rannsökuð hjá börnum yngri en 12 ára.

Opin rannsókn með endurteknum skömmtum, á lyfjahvörfum, öryggi og þoli, hjá 5 þátttakendum á aldrinum 12 til 18 ára með staðbundin hlutafloð, sýndi að lyfjahvörf retigabíns hjá unglingum eru í samræmi við lyfjahvörf retigabíns hjá fullorðnum. Hins vegar hafa verkun og öryggi retigabíns ekki verið ákvörðuð hjá unglingum.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Hámarksskammtar við rannsóknir á eiturvekunum eftir endurtekna skammta takmörkuðust af ýktum lyfjafræðilegum áhrifum retigabíns (þ.m.t. hreyfiglöpum, vanhreyfni og skjálfta). Útsetningin hjá dýrum þegar engin áhrif komu fram var almennt minni en næst hjá mönnum við ráðlagða klínísku skammta.

Þensla í gallblöðru kom fram í rannsóknum hjá hundum en engar vísbendingar voru um gallteppu eða önnur einkenni um starfstruflun í gallblöðru og rúmmál gallflæðis var óbreytt. Þensla í gallblöðru hjá hundum leiddi til staðbundinnar samþjöppunar lifrar. Engar klínískar vísbendingar um starfstruflun í gallblöðru komu fram.

Aðrar upplýsingar en klínískar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli rannsókna á eiturvekunum á erfðaefni og krabbameinsvaldandi áhrifum.

Eiturvekanir á æxlun

Retigabín hafði engin áhrif á frjósemi eða æxlunargetu almennt.

Retigabín og/eða umbrotsefni þess fóru yfir fylgju hjá rottum og náði þéttni í vefjum sem var svipuð hjá mæðrum og fósturum.

Engar vísbendingar voru um vansköpunarvaldandi áhrif eftir gjöf retigabíns hjá ungafullum dýrum á líffæramyndunarskeiði. Í rannsókn á þroska fyrir og eftir got hjá rottum var retigabín tengt aukinni

dánartíðni eftir got í kjölfar notkunar á meðgöngu. Auk þess kom fram seinkun á þroska viðbragða við óvæntu hljóði (auditory startle response). Þessar niðurstöður sáust við útsetningu hjá mæðrum sem var minni en fæst við ráðlagða skammta við klíniska notkun og þeim fylgdu eiturverkanir hjá mæðrum (þ.m.t. hreyfiglöp, vanhreyfni, skjálfti og skert aukning líkamsþyngdar). Eiturverkanir hjá mæðrunum komu í veg fyrir gjöf stærri skammta hjá þeim og þar með að hægt væri að draga ályktanir um öryggismörk við meðferð hjá mönnum.

6. LYFJAGERÐARFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

6.1 Hjálparefni

Töflukjarni

Natríumkroskarmellósi
Hýprómellósi
Magnesíumsterat
Örkristallaður sellulósi.

Filmuhúð

300 mg töflur:
Pólvínýlalkóhól
Títantvíoxíð (E171)
Talkúm (E553b)
Álindígókarmín (E132)
Gult járnnoxíð (E172)
Lesítín (SOY)
Xantangúmmí

6.2 Ósamrýmanleiki

Á ekki við.

6.3 Geymsluþol

3 ár.

6.4 Sérstakar varúðarræglur við geymslu

Engin sérstök fyrirmæli eru um geymsluaðstæður lyfsins.

6.5 Geymsla og innihald

300 mg töflur:
Ógegnæjar PVC-PVDC-álþynnur. Pakkningar innihalda 84 filmuhúðaðar töflur; fjölpakkning sem inniheldur 168 (2 x 84) filmuhúðaðar töflur.

Ekki er víst að allar pakkningastærðir séu markaðssettar.

6.6 Sérstakar varúðarráðstafanir við förgun

Engin sérstök fyrirmæli.

7. MARKAÐSLEYFISHAFI

Glaxo Group Limited
980 Great West Road,
Brentford,
Middlesex,
TW8 9GS
Bretland

8. MARKAÐSLEYFISNÚMER

EU/1/11/681/009, EU/1/11/681/010

9. DAGSETNING FYRSTU ÚTGÁFU MARKAÐSLEYFIS/ENDURNÝJUNAR MARKAÐSLEYFIS

Dagsetning fyrstu útgáfu markaðsleyfis: 28. mars 2011
Nýjasta dagsetning endurnýjunar markaðsleyfis: 14. janúar 2016

10. DAGSETNING ENDURSKOÐUNAR TEXTANS

Ítarlegar upplýsingar um lyfið eru birtar á vef Lyfjastofnunar Evrópu <http://www.ema.europa.eu>.

1. HEITI LYFS

Trobalt 400 mg filmuhúðaðar töflur

2. INNIHALDSLÝSING

Hver filmuhúðuð tafla inniheldur 400 mg af retigabíni.

Sjá lista yfir öll hjálparefni í kafla 6.1.

3. LYFJAFORM

Filmuhúðuð tafla.

Fjólubláar, ílangar, filmuhúðaðar töflur 8,1 mm x 18 mm, merktar „RTG-400“ á annarri hliðinni.

4. KLÍNÍSKAR UPPLÝSINGAR

4.1 Ábendingar

Trobalt er ætlað sem viðbótarmeðferð við hlutaflogum, með eða án síðkominna alfloga, hjá fullorðnum 18 ára og eldri með flogaveiki, þegar viðeigandi samsetningar með öðrum lyfjum hafa ekki reynst fullnægjandi eða hafa ekki þolast vel.

4.2 Skammtar og lyfjagjöf

Skammtar

Skammta af Trobalt verður að hækna smám saman í samræmi við svörun hvers sjúklings, til að ná kjörjafnvægi á milli verkunar og þols.

Við upphaf meðferðar er heildardagsskammturinn að hámarki 300 mg (100 mg þrisvar á dag). Síðan er heildardagsskammturinn hækkaður um að hámarki 150 mg á viku, í samræmi við svörun og þol hvers sjúklings. Vænta má að virkur viðhaldsskammtur sé á milli 600 mg/dag og 1.200 mg/dag.

Heildarviðhaldsskammtur er að hámarki 1.200 mg/dag. Ekki hefur verið sýnt fram á öryggi og verkun skammta hærra en 1.200 mg/dag.

Ef sjúklingur gleymir einum skammti eða fleiri er mælt með að hann taki einn skammt um leið og hann man eftir því.

Eftir að skammtur sem gleymdist er tekinn skulu líða minnst 3 klst. þar til næsti skammtur er tekinn og síðan skal halda áfram samkvæmt venjulegri meðferðaráætlun.

Þegar notkun Trobalt er hætt þarf að minnka skammtinn smám saman á minnst 3 vikum (sjá kafla 4.4).

Aldraðir (65 ára og eldri)

Takmarkaðar upplýsingar liggja fyrir um öryggi og verkun retigabíns hjá sjúklingum 65 ára og eldri. Mælt er með lækun upphafs- og viðhaldsskammta af Trobalt hjá öldruðum sjúklingum. Heildardagsskammtur í upphafi er 150 mg/dag og meðan á skammtaaðlögun stendur skal auka

heildardagsskammtinn um að hámarki 150 mg á viku í samræmi við svörun og þol einstakra sjúklinga. Ekki er mælt með stærri skömmtum en 900 mg/dag (sjá kafla 4.4 og 5.2).

Skert nýrnastarfsemi

Retigabín og umbrotsefni þess hverfa aðallega á brott með útskilnaði um nýru.

Engin þörf er á skammtaaðlögun hjá sjúklingum með væga skerðingu á nýrnastarfsemi (kreatínínúthreinsun 50 til 80 ml/mín.; sjá kafla 5.2).

Mælt er með 50% lækkun á upphafs- og viðhaldsskammti af Trobalt hjá sjúklingum með miðlungsmikla eða mikla skerðingu á nýrnastarfsemi (kreatínínúthreinsun < 50 ml/mín.; sjá kafla 5.2). Heildardagsskammtur í upphafi er 150 mg og ráðlagt er að hækka heildardagsskammtinn um 50 mg á viku meðan á skammtaaðlögun stendur, að hámarksheildarskammti, 600 mg/dag.

Sjúklingar með nýrnabilun á lokastigi sem eru í blóðskilun skulu taka dagsskammtana hjá eins og venjulega daginn sem skilunin fer fram. Auk þess er mælt með stökum viðbótarskammti strax að skilun lokinni. Ef gegnumbrotsflog koma fram við lok blóðskilunar má íhuga annan viðbótarskammt í upphafi næstu skilunarlotu.

Skert lifrastarfsemi

Engin þörf er á skammtalækkun hjá sjúklingum með væga skerðingu á lifrastarfsemi (5 til 6 á Child-Pugh-kvarða; sjá kafla 5.2).

Mælt er með 50% lækkun á upphafs- og viðhaldsskammti af Trobalt, hjá sjúklingum með miðlungsmikla til mikla skerðingu á lifrastarfsemi (≥ 7 á Child-Pugh-kvarða; sjá kafla 5.2). Heildardagsskammtur í upphafi eru 150 mg og ráðlagt er að hækka heildardagsskammtinn um 50 mg á viku meðan á skammtaaðlögun stendur, að hámarksheildarskammti, 600 mg/dag.

Börn

Ekki hefur enn verið sýnt fram á öryggi og verkun retigabíns hjá börnum yngri en 18 ára (sjá kafla 5.2). Fyrirliggjandi upplýsingar um lyfjahlvörf eru tilgreindar í kafla 5.2 en ekki er hægt að ráðleggja ákveðna skammta á grundvelli þeirra.

Lyfjagjöf

Trobalt er ætlað til inatöku. Töflurnar verður að taka í þremur aðskildum skömmtum dag hvern. Töflurnar skal gleypa heilar og ekki tyggja, mylja eða skipta þeim.

Trobalt má taka með eða án fæðu (sjá kafla 5.2).

4.3 Frábendingar

Ofnæmi fyrir virka efninu eða einhverju hjálparefnanna sem talin eru upp í kafla 6.1.

4.4 Sérstök varnaðarorð og varúðarreglur við notkun

Augu

Greint hefur verið frá litbreytingum (upplitun) í augnvef, þ.m.t. sjónhimnu, í klínískum langtímarannsóknum með retigabíni, stundum en ekki alltaf í tengslum við litbreytingar í húð, vörum eða nöglum (sjá hér fyrir neðan og kafla 4.8). Hjá sumum hefur verið tilkynnt um að litabreytingar sjónhimnu hafi gengið til baka eftir að notkun retigabíns var hætt. Langtímaafleiðingar þessa eru enn ekki þekktar en í sumum tilvikum hefur einnig verið greint frá sjónskerðingu.

Auk þess hafa ýmis afbrigði sjónudepilskvilla komið fram sem einkennast af margbreytilegri hrörnun í augnbótum (vitelliform maculopathy) (sjá kafla 4.8) og greinst hafa með augnsneiðmynd með ljósi (optical coherence tomography; OCT). Aukin tíðni margbreytilegrar hrömunar í augnbótum sem og áhrif á hlutverk sjónu, sjónudepils og áhrif á sjón eru ekki þekkt. Tilkynnt hefur verið um óeðlilega sjón (þrengingu sjónsviðs, tap á miðlægri næmni (central sensitivity) og minni sjónskerpu).

Gera á nákvæma augnrannsókn hjá öllum sjúklingum í upphafi og á minnst 6 mánaða fresti m.a. á sjónskerpu, skoðun með raufarlampa (slit-lamp), augnspeglun (dilated fundus photography) og sjónudepilsneiðmynd. Ef litbreytingar í sjónhimnu, margbreytileg hrörnun í augnbótum eða breytingar á sjón koma fram skal meðferð með Trobalt einungis haldið áfram eftir vandlegt endurmat á hlutfalli ávinnings og áhættu. Ef meðferð er haldið áfram skal hafa nánara eftirlit með sjúklingnum.

Húð

Greint hefur verið frá litbreytingum (upplitun) í húð, vörum eða nöglum, í klínískum langtímarannsóknum með retigabíni, stundum en ekki alltaf í tengslum við litbreytingar í augnvef (sjá hér fyrir ofan og kafla 4.8). Hjá þeim sjúklingum, sem þróa með sér þessar breytingar, skal meðferð með Trobalt einungis haldið áfram eftir vandlegt endurmat á hlutfalli ávinnings og áhættu.

Þvagteppa

Greint var frá þvagteppu, þvaglátstregðu eða seinkun á þvaglátum í klínískum samanburðarrannsóknum með retigabíni, yfirleitt á fyrstu 8 vikum meðferðar (sjá kafla 4.8). Gæta verður varúðar við notkun Trobalt hjá sjúklingum sem hætt er við þvagteppu og mælt er með því að sjúklingar fái ráðleggingar varðandi hugsanlega hættu á þessum aukaverkunum.

QT-bil

Rannsókn á hjartaleiðni hjá heilbrigðum sjálfboðalöðum hefur sýnt að retigabín, í skömmtum sem hækkaðir hafa verið smám saman að 1.200 mg/dag, hafði áhrif til lengingar á QT-bili. Innan 3 klukkustunda frá gjöf kom fram 6,7 ms (efri mörk 95% einhliða öryggismarka 12,6 ms) meðalaukning á QT-bili, leiðréttu m.t.t. einstaklinga (QTcI). Gæta skal varúðar þegar Trobalt er ávísað með lyfjum sem vitað er að lengja QT-bil og hjá sjúklingum með þekkta lengingu á QT-bili, hjartabilun, þykkun slegils, blóðkalíumlækkun eða blóðmagnesiumlækkun og hjá sjúklingum sem eru að hefja meðferð og eru 65 ára eða eldri.

Hjá þessum sjúklingum er mælt með því að hjartalínurit sé tekið áður en meðferð með Trobalt er hafin og hjá þeim sem eru með leiðrétt QT-bil > 440 ms í upphafi skal taka hjartalínurit þegar viðhaldsskammti er náð.

Geðræn vandamál

Greint var frá ruglástandi, geðrofskvillum og ofskynjunum, í klínískum samanburðarrannsóknum með retigabíni (sjá kafla 4.8). Þessi áhrif komu almennt fram á fyrstu 8 vikum meðferðar og leiddu oft til þess að meðferð var hætt hjá sjúklingum sem urðu fyrir áhrifum. Mælt er með því að sjúklingar fái ráðleggingar varðandi hugsanlega hættu á þessum aukaverkunum.

Sjálfsvígshætta

Greint hefur verið frá sjálfsvígshugsunum og sjálfsvígshögðun hjá sjúklingum sem meðhöndlaðir eru með flogaveikilyfjum í tengslum við nokkrar ábendingar. Safngreining á slembuðum rannsóknum á flogaveikilyfjum, í samanburði við lyfleysu, sýndi einnig örlítið aukna hættu á sjálfsvígshugsunum og sjálfsvígshögðun. Ekki er vitað hvað veldur þessari hættu og fyrirbyggjandi upplýsingar útiloka ekki hugsanlega aukna áhættu í tengslum við notkun retigabíns.

Því skal fylgjast með sjúklingum m.t.t. einkenna um sjálfsvígshugsanir eða sjálfsvígshæðun og viðeigandi meðferð íhuguð. Sjúklingum (og umönnunaraðilum sjúklinga) skal ráðlagt að leita ráða hjá lækni ef fram koma einkenni um sjálfsvígshugsanir eða sjálfsvígshæðun.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Aukin hætta getur verið á aukaverkunum í miðtaugakerfi, þvagteppu og gáttatífi, hjá öldruðum sjúklingum. Gæta þarf varúðar við notkun Trobalt hjá þessum hópi og mælt er með lækkun upphafs- og viðhaldsskammta (sjá kafla 4.2 og 5.2).

Fráhvarfsflog

Meðferð með Trobalt verður að hætta smám saman til að lágmarka hættuna á fráhvarfsflogum. Mælt er með að skammtar af Trobalt séu minnkaðir á tímabili sem er a.m.k. 3 vikur, nema að hætta þurfi skyndilega af öryggisástæðum (sjá kafla 4.2).

Rannsóknaniðurstöður

Sýnt hefur verið fram á að retigabín truflar klínískar mælingar á bílírúbíni í sermi og þvagi sem getur valdið óeðlilega háum niðurstöðum.

4.5 Milliverkanir við önnur lyf og aðrar milliverkanir

Rannsóknir á milliverkunum hafa eingöngu verið gerðar hjá fullorðnum.

Önnur flogaveikilyf

Niðurstöður *in vitro* benda til lítillar hættu á milliverkun við önnur flogaveikilyf (sjá kafla 5.2). Hætta á milliverkunum var því metin á grundvelli heildargreiningar á klínískum rannsóknum og þótt það sé ekki talið eins áreiðanlegt og sjálfstæðar klínískar rannsóknir á milliverkunum, styðja niðurstöðurnar þær upplýsingar sem fyrir liggja *in vitro*.

Samkvæmt þessari heildargreiningu á upplýsingum, hafði retigabín ekki áhrif af klínískri þýðingu á lágmarkspéttni fyrir eftirtalin flogaveikilyf í plasma:

- karbamazepín, klóbazam, klónazepam, gabapentín, lamótrigín, levetíracetam, oxkarbazepín, fenóbarbital, fenýtóín, pregabalín, tópiramat, valpróat, zónisamíð.

Að auki, samkvæmt heildargreiningu á niðurstöðum, höfðu eftirtalin flogaveikilyf ekki áhrif af klínískri þýðingu á lyfjahvörf retigabíns:

- lamótrigín, levetíracetam, oxkarbazepín, tópiramat, valpróat.

Þessi greining sýndi heldur engin klínískt mikilvæg áhrif af völdum örvanna (fenýtóíns, karbamazepíns og fenóbarbitals) á úthreinsun retigabíns.

Upplýsingar frá takmörkuðum fjölda sjúklinga, við stöðuga þéttni, í minni 2. stigs rannsóknum, bentu hins vegar til að:

- fenýtóín geti minnkað útsetningu fyrir retigabíni um 35% í líkamanum
- karbamazepín geti minnkað útsetningu fyrir retigabíni um 33% í líkamanum.

Milliverkun við dígoxín

Niðurstöður úr rannsókn *in vitro* sýndu að N-asetýlumbrotsefni retigabíns (NAMR) hindraði P-glýkópróteinmiðlaðan flutning dígoxíns á þéttniháðan hátt.

Samkvæmt rannsókn, sem gerð var hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum, leiddi notkun retigabíns í ráðlögðum skömmtum (600 – 1200 mg/dag) til minni háttar (8 – 18%) aukningar á AUC fyrir dígoxín, eftir stakan skammt af dígoxíni til inntöku. Aukningin virtist ekki háð skammtinum af retigabíni og er

ekki talin hafa klíníská þýðingu. Engin marktæk breyting varð á C_{max} fyrir dígoxín. Ekki er þörf á skammtaaðlögun fyrir dígoxín.

Milliverkun við svæfingalyf

Trobalt getur aukið lengd svæfingar af völdum sumra svæfingalyfja (t.d. tíópentalnátríums; sjá kafla 5.1).

Milliverkun við áfengi

Gjöf etanóls (1,0 g/kg) samhliða retigabíni (200 mg) jók þokusýn hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum. Mælt er með að sjúklingar séu upplýstir um hugsanleg áhrif á sjón ef þeir taka Trobalt með áfengi.

Getnaðarvarnarlyf til inntöku

Við retigabínskammta allt að 750 mg /dag hafði retigabín engin klínískt marktæk áhrif á lyfjahvörf estrógenþáttarins (etinýlestradíóls) eða prógestógenþáttarins (noretindróns) í getnaðarvarnarpillunni. Enn fremur hafði lágskammta, samsett getnaðarvarnarpillan engin klínískt marktæk áhrif á lyfjahvörf retigabíns.

4.6 Frjósemi, meðganga og brjóstagjöf

Meðganga

Áhætta tengd flogaveikilyfjum almennt

Konum á barneignaraldri skal veita sérfræðiráðgjöf. Þegar kona ráðgerir að verða barnshafandi skal endurskoða þörfina fyrir flogaveikilyfjameðferð. Hjá konum í meðferð við flogaveiki skal forðast að hætta skyndilega flogaveikilyfjameðferð þar sem það getur leitt til gegnumbrotsfloga, sem geta haft alvarlegar afleiðingar fyrir móður og hið ófædda barn.

Hættan á fæðingargöllum er 2 til 3 sinnum meiri hjá afkvæmum mæðra sem meðhöndlaðar eru með flogaveikilyfjum, í samanburði við u.þ.b. 3% tíðni sem almennt má búast við. Þeir gallar sem oftast hefur verið greint frá eru skarð í vör, gallar í hjarta- og æðakerfi og gallar í taugapípu. Meðferð með fleiri en einu flogaveikilyfi er tengd meiri hættu á fæðingargöllum en þegar aðeins eitt lyf er notað og því skal alltaf nota meðferð með aðeins einu lyfi ef mögulegt er.

Áhætta tengd Trobalt

Ekki liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um notkun retigabíns hjá barnshafandi konum. Dýrarannsóknir eru ekki fullnægjandi hvað varðar eiturverkanir á æxlun vegna þess að plasmabéttni sem náðist í þessum rannsóknum var undir þeirri þéttni sem næst hjá mönnum við ráðlagða skammta (sjá kafla 5.3). Í þroskarannsókn á rottum, þar sem mæðurnar höfðu fengið retigabín á meðgöngunni, kom fram seinkun á þroska viðbragða við óvæntu hljóði (auditory startle response) hjá afkvæmunum (sjá kafla 5.3). Klínísk þýðing þessarar niðurstöðu er ekki þekkt.

Notkun Trobalt er ekki ráðlögð á meðgöngu og hjá konum á barneignaraldri sem ekki nota getnaðarvarnir.

Brjóstagjöf

Ekki er vitað hvort retigabín skilst út í brjóstamjólk. Dýrarannsóknir hafa sýnt útskilnað retigabíns og/eða umbrotsefna þess í mjólk. Taka skal ákvörðun um hvort halda eigi áfram/hætta brjóstagjöf eða halda áfram/hætta meðferð með Trobalt að teknu tilliti til ávinnings af brjóstagjöf fyrir barnið og ávinnings af meðferð með Trobalt fyrir konuna.

Frjósemi

Í dýrarannsóknnum komu ekki fram nein áhrif tengd meðferð með retigabíni á frjósemi. Plasmabéttni sem náðist í þessum rannsóknum var hins vegar undir þeirri þéttni sem næst hjá mönnum við ráðlagða skammta (sjá kafla 5.3).

Ekki hefur verið sýnt fram á áhrif retigabíns á frjósemi hjá mönnum.

4.7 Áhrif á hæfni til aksturs og notkunar véla

Greint var frá aukaverkunum, svo sem sundli, svefnhöfga, tvísýni og þokusýn, í klínískum samanburðarrannsóknum, einkum við skammtaaðlögun (sjá kafla 4.8). Mælt er með að sjúklingar séu upplýstir um hættuna á slíkum aukaverkunum í upphafi meðferðar og við hverja skammtahækkun og að þeim sé ráðlagt að aka ekki eða stjórna vélum fyrr en komið hefur í ljós hvaða áhrif Trobalt hefur á þá.

4.8 Aukaverkanir

Samantekt á öryggi

Í safni upplýsinga um öryggi, úr þremur fjölsetra, slembuðum, tvíblindum, rannsóknum með samanburði við lyfleysu, voru aukaverkanir almennt vægar til miðlungsmáttar og var oftast greint frá þeim á fyrstu 8 vikum meðferðar. Sundl, svefnhöfgi, ruglástand, málstol, óeðlileg samhæfing, skjálfti, jafnvægistruflun, minnisskerðing, truflanir á göngulagi, þokusýn og hægðatregða virtust skammtaháð.

Aukaverkanir sem oftast voru tilgreindar sem ástæða þess að meðferð var hætt voru sundl, svefnhöfgi, þreyta og ruglástand.

Tafla með aukaverkunum

Eftirfarandi skilgreiningar hafa verið notaðar við töðnflokkun aukaverkana:

Mjög algengar ($\geq 1/10$)

Algengar ($\geq 1/100$ til $< 1/10$)

Sjaldgæfar ($\geq 1/1.000$ til $< 1/100$)

Mjög sjaldgæfar ($\geq 1/10.000$ til $< 1/1.000$)

Koma örsjaldan koma fyrir ($< 1/10.000$)

Innan töðnflokka eru alvarlegustu aukaverkanirnar taldar upp fyrst.

Líffæraflokkur	Mjög algengar	Algengar	Sjaldgæfar
Efnaskipti og næring		Þyngdaraukning Aukin matarlyst	
Geðræn vandamál		Ruglástand Geðrofskvillar Ofskynjanir Áttavilla Kvíði	
Taugakerfi	Sundl Svefnhöfgi	Minnisleysi Málstol Óeðlileg samhæfing Svimi Náladofi Skjálfti Jafnvægistruflun	Vanhreyfni

Líffæraflokkur	Mjög algengar	Algengar	Sjaldgæfar
		Minnisskerðing Málglop Tormæli Athyglisbrestur Truflun á göngulagi Vöðvarykkjakrampi	
Augu	Litbreytingar (upplitun) í augnvef, þ.m.t. sjónhimnu, hafa komið fram eftir nokkurra ára meðferð. Í sumum tilvikum hefur einnig verið greint frá sjónskerðingu.	Tvísýni Þokusýn Áunnin margbreytileg hrörnun í augnbotnum (vitelliform maculopathy)	
Meltingarfæri		Ógleði Hægðatregða Meltingartruflanir Munnþurrkur	Kynningartregða
Lifur og gall		Hækkuð lifrarpróf	
Húð og undirhúð	Blá-grá upplitun á nöglum, vörum og/eða húð hefur komið fram, yfirleitt við hærri skammta og eftir nokkurra ára meðferð.		Húðútbrot Ofsviti
Nýru og þvagfæri		Þvaglátstregða Seinkuð þvaglát Blóð í þvagi Óeðlilegur litur á þvagi	Þvagteppa Nýrnasteinakvilli
Almennar aukaverkanir og aukaverkanir á íkomustað	Þreyta	Máttleysi Lasleiki Bjúgur á útlimum	

Lýsing á völdum aukaverkunum

Greint var frá aukaverkunum tengdum þvaglátstruflunum, þ.m.t. þvagteppu, hjá 5% sjúklinga sem fengu meðferð með retigabíni, í safni upplýsinga um aukaverkanir (sjá kafla 4.4). Meirihluti tilvika kom fram á fyrstu 8 vikum meðferðar og þau virtust ekki vera skammtaháð.

Greint var frá ruglástandi hjá 9% sjúklinga í upplýsingasafninu, ofskynjunum hjá 2% sjúklinga og geðrofskvillum hjá 1% sjúklinga sem fengu meðferð með retigabíni (sjá kafla 4.4). Meirihluti aukaverkana kom fram á fyrstu 8 vikum meðferðar og aðeins ruglástand virtist vera skammtaháð.

Samkvæmt upplýsingum um aukaverkanir hjá þátttakendum í klínískum rannsóknum reyndist tíðni upplitarar á nöglum, vörum, húð og/eða slímhúð vera 3,6% fyrir hvert sjúklingaár útsetningar. Uppsöfnuð tíðni aukaverkunar eftir útsetningu í 1 ár var u.þ.b 1%, 1,8% eftir 2 ár, 4,4% eftir 3 ár, 10,2% eftir 4 ár og 16,7% eftir 5 ár.

U.þ.b. 30-40% þátttakenda í klínískum rannsóknum, sem fengu meðferð með retigabíni og gengust undir rannsókn á húð og/eða augum, reyndust hafa upplitun á nöglum, vörum, húð og/eða slímhúð eða upplitun í augum utan sjónhimnu og u.þ.b. 15-30% þátttakenda í klínískum rannsóknum, sem fengu meðferð með retigabíni og gengust undir augnrannsókn, reyndust vera með upplitun í sjónhimnu. Auk þess hafa verið greind áunnin tilvik sem líkjast margbreytilegri hrörnun í augnbotnum (vitelliform-type maculopathy) sem hefur verið tilkynnt um bæði í klínískum rannsóknum og eftir markaðssetningu.

Niðurstöður frá öldruðum sjúklingum benda til þess að þeir séu líklegri til að fá ákveðnar aukaverkanir á miðtaugakerfi þ.m.t. svefnhöfga, minnisleysi, óeðlilega samhæfingu hreyfinga, svima, skjálfta, jafnvægistruflun, minnisskerðingu og truflun á göngulagi.

Tilkynning aukaverkana sem grunur er um að tengist lyfinu

Eftir að lyf hefur fengið markaðsleyfi er mikilvægt að tilkynna aukaverkanir sem grunur er um að tengist því. Þannig er hægt að fylgjast stöðugt með sambandinu milli ávinnings og áhættu af notkun lyfsins. Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er um að tengist lyfinu samkvæmt fyrirkomulagi sem gildir í hverju landi fyrir sig, sjá [Appendix V](#).

4.9 Ofskömmtnun

Einkenni

Takmörkuð reynsla er af ofskömmtnun með retigabíni.

Meðan á klínískum rannsóknum stóð var greint frá ofskömmtnun með retigabíni, umfram 2.500 mg/dag. Til viðbótar við aukaverkanir sem komu fram við ráðlagða skammta, voru einkenni ofskömmtnunar með retigabíni m.a. æsingur, árásarþirni og þirringur. Ekki var greint frá neinum afleiðingum.

Í rannsókn hjá sjálfboðaliðum komu hjartsláttartruflanir (hjartastopp/samdráttarleysi í hjarta eða sleglahraðtaktur) fram hjá tveimur einstaklingum innan 3 klst. frá því að þeir fengu stakan 900 mg skammt af retigabíni. Hjartsláttartruflanir gengu sjálfkrafa til baka og báðir sjálfboðaliðar náðu sér án afleiðinga.

Meðferð

Ef ofskömmtnun á sér stað er mælt með að sjúklingurinn fái viðeigandi stuðningsmeðferð samkvæmt klínískum einkennum, þ.m.t. eftirlit með hjartalínuriti. Frekari meðferð skal vera í samræmi við ráðleggingar eitruðar miðstöðvar, þar sem hún er til staðar.

Blóðskilun hefur reynst lækka þéttni retigabíns og NAMR í plasma um u.þ.b. 50%.

5. LYFJAFRÆÐILEGAR UPPLÝSINGAR

5.1 Lyfhrif

Flokkun eftir verkun: Flogaveikilyf, önnur flogaveikilyf, ATC-flokkur: N03AX21.

Verkunarháttur

Kalíumgöng eru ein tegund spennuháðra jónaganga í taugafrumum og eru mikilvæg við ákvörðun á virkni í taugafrumum. Rannsóknir *in vitro* benda til að retigabín hafi aðallega áhrif með því að opna kalíumgöng (KCNQ2 [Kv7.2] og KCNQ3 [Kv7.3]) í taugafrumum. Þetta kemur jafnvægi á hvíldarspennu himnunnar og heldur raförvun í taugafrumum undir þröskuldi, sem hindrar að

boðspenna fyrir flogavirkni náist. Stökkbreytingar í KCNQ-göngum liggja að baki ýmsum meðfæddum kvillum hjá mönnum, þ.m.t. flogaveiki (KCNQ2 og 3). Verkunarhætti retigabíns á kalíumgöng hefur verið lýst vel, hins vegar hafa aðrir verkunarhættir, sem geta haft áhrif á verkun retigabíns gegn flogaveiki, ekki verið að fullu skýrðir.

Í röð flogalíkana hækkaði retigabín þröskuld fyrir framkomu floga, sem framkölldu voru með hámarksrafstuði, fentýlentetrazóli, píkrótoxíni og N-metýl-D-aspartati (NMDA). Retigabín sýndi einnig hindrandi eiginleika í ýmsum framköllunarlíkönum, t.d. í fullörvuðu ástandi og í sumum tilvikum meðan enn var verið að auka áreitið. Auk þess var retigabín virkt við að koma í veg fyrir síflog hjá nagdýrum með flogavaldandi vefjaskemmdir af völdum kóbalts og hindraði þankrampa (tonic extensor seizures) hjá músum sem voru erfðafræðilega næmar. Þýðing þessara líkana gagnvart flogaveiki hjá mönnum er hins vegar ekki þekkt.

Lyfhrif

Retigabín lengdi svefntíma hjá rottum, sem framkallaður var með tíópentalnatríum, úr u.þ.b. 4 mín. í 53 mín. og svefntíma framkallaðan með própófóli úr u.þ.b. 8 mín. í 12 mín. Engin áhrif komu fram á svefntíma framkallaðan með halótani og natríummetóhexitali. Retigabíngetur aukin lengd svæfingar af völdum sumra svæfingalyfja (t.d. tíópentalnatríums).

Klínísk virkni viðbótarmeðferðar með retigabíni við hlutaflogum

Þrjár fjölsetra, slembaðar, tvíblindar rannsóknir með samanburði við lyfleysu, hjá samtals 1.239 fullorðnum sjúklingum, hafa verið gerðar til að meta virkni retigabíns í viðbótarmeðferð gegn hlutaflogum, með eða án síðkominna alfloga. Allir sjúklingar skrðu til þátttöku áttu að hafa fengið flog sem ekki náðist viðunandi stjórnun á með 1 til 3 flogaveikilyfjum samhliða og meira en 75% allra sjúklinga voru að taka ≥ 2 flogaveikilyf samhliða. Í öllum rannsóknum höfðu sjúklingar verið með flogaveiki í að meðaltali 22 ár og miðgildi grunntíðni floga var á bilinu frá 8 til 12 á 28 dögum. Sjúklingum var slembiraðað á lyfleysu eða retigabín 600, 900 eða 1.200 mg/dag (sjá töflu 1). Á 8 vikna upphafstímabili þurftu sjúklingar að fá ≥ 4 hlutaflog á 28 dögum. Sjúklingar máttu ekki vera án floga í ≥ 21 dag. Lengd viðhaldstímabils var 8 til 12 vikur.

Meginendapunktur verkunar voru:

- hlutfallsleg breyting á tíðni hlutafloga á 28 dögum frá upphafi að tvíblinda tímabilinu (skammtaæðlögunar- og viðhaldstímabil sameinuð) í öllum þremur rannsóknum
- svörunartíðni (skilgreind sem hlutfall sjúklinga með $\geq 50\%$ lækkun á heildartíðni hlutafloga á 28 dögum) frá upphafi að viðhaldstímabili (aðeins rannsóknir 301 og 302).

Retigabín var virkt sem viðbótarmeðferð hjá fullorðnum með hlutaflog í þremur klínískum rannsóknum (tafla 1). Retigabín hafði tölfraðilega marktæka yfirburði miðað við lyfleysu í skömmtunum 600 mg/dag (ein rannsókn), 900 mg/dag (tvær rannsóknir og 1.200 mg/dag (tvær rannsóknir).

Rannsóknirnar voru ekki hannaðar til að meta ákveðnar samsetningar flogaveikilyfja. Þar af leiðandi hefur ekki að fullu verið sýnt fram á öryggi og verkun retigabíns, við notkun samhliða flogaveikilyfjum, m.a. levetírasetami, sem sjaldan voru notuð sem grunnmeðferð í klínísku rannsóknunum.

Tafla 1: Samantekt yfir hlutfallslegar breytingar á heildartíðni hlutafloga og svörunartíðni á 28 daga tímabili

Rannsókn (n=fjöldi á tvíblindu tímabili; n=fjöldi á viðhaldstímabili)	Lyfleysa	Retigabín		
		600 mg/dag	900 mg/dag	1.200 mg/dag
Rannsókn 205 (n=396; n=303)				
Heildartíðni hlutafloga (miðgildi) % breyting	-13%	-23%	-29%*	-35%*
Svörunartíðni (annar endapunktur)	26%	28%	41%	41%*
Rannsókn 301 (n=305; n=256)				
Heildartíðni hlutafloga (miðgildi) % breyting	-18%	~	~	-44%*
Svörunartíðni	23%	~	~	56%*
Rannsókn 302 (n=538; n=471)				
Heildartíðni hlutafloga (miðgildi) % breyting	-16%	-28%*	-48%*	~
Svörunartíðni	19%	39%*	47%*	~

* Tölfræðilega marktækt, $p \leq 0.05$

~ Skammtur ekki rannsakaður

Í opnu framhaldi af rannsóknunum þremur, með samanburði við lyfleysu, hélst verkunin við yfir matstímabilið, sem var að lágmarki 12 mánuðir (365 sjúklingar).

Börn

Lyfjastofnun Evrópu hefur fallið frá kröfu um að lagðar verði fram niðurstöður úr rannsóknum á Trobalt hjá börnum á aldrinum 0 til yngri en 2 ára með Lennox Gastaut-heilkenni (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

Lyfjastofnun Evrópu hefur frestað kröfu um að lagðar séu fram niðurstöður úr rannsóknum á Trobalt hjá börnum á aldrinum 2 til yngri en 18 ára með Lennox Gastaut-heilkenni og hjá börnum á aldrinum 0 til yngri en 18 ára með hlutaflog (sjá upplýsingar í kafla 4.2 um notkun handa börnum).

5.2 Lyfjahvörf

Frásog

Bæði eftir gjöf staks skammts og endurtekinna skammta til inntöku, er retigabín frásogað hratt, með miðgildi t_{max} yfirleitt á milli 0,5 og 2 klst. Heildaraðgengi retigabíns eftir inntöku, samanborið við skammt gefinn í bláæð, er um 60%.

Gjöf retigabíns með fituríkri máltíð breytti ekki heildarumfangi frásogs retigabíns en fæða minnkaði breytileika í C_{max} (23%) á milli einstaklinga, í samanburði við gjöf á fastandi maga (41%) og olli hækkun í C_{max} (38%). Undir venjulegum klínískum kringumstæðum er ekki gert ráð fyrir að áhrif fæðu á C_{max} hafi klíníska þýðingu. Trobalt má því taka með eða án fæðu.

Dreifing

Á þéttibilinu 0,1 til 2 míkróg/ml eru um 80% retigabíns bundin plasmapróteinum. Dreifingarrúmmál retigabíns við jafnvægi er 2 til 3 l/kg eftir gjöf í bláæð.

Umbrot

Retigabíns er að verulegu leyti umbotið hjá mönnum. Stórum hluta retigabínsskammts er breytt í óvirk N-glúkúróníð. Retigabín er einnig umbrotið í N-asetýlumbrotsefni (NAMR) sem tengist síðan einnig

glúkúróníðum. NAMR hefur virkni gegn flogaveiki en er ekki eins öflugt og retigabín í flogalíkönunum hjá dýrum.

Engar vísbendingar eru um oxunarumbrot retigabíns eða NAMR í lifur fyrir tilstilli cýtókróm-P450-ensíma. Því er ekki líklegt að samhliða gjöf hemla eða örva á cýtókróm-P450-ensím hafi áhrif á lyfjahvörf retigabíns eða NAMR.

Rannsóknir *in vitro* með lifrarfrymisögnum úr mönnum sýndu litla eða enga eiginleika retigabíns til að hindra helstu cýtókróm-P450-ísóensím (þ.m.t. CYP1A2, CYP2A6, CYP2C8, CYP2C9, CYP2C19, CYP2D6, CYP2E1 og CYP3A4/5). Auk þess örvuðu retigabín og NAMR ekki CYP1A2 eða CYP3A4/5 í lifrarfrumum (primary hepatocytes) hjá mönnum. Því er ekki líklegt að retigabín hafi hindrandi eða örvandi áhrif á lyfjahvörf hvarfefna helstu cýtókróm-P450-ísóensímanna.

Brotthvarf

Brotthvarf retigabíns verður fyrir tilstilli bæði umbrota í lifur og útskilnaðar um nýru. Aftur endurheimtast um 84% af skammtinum í þvagi, þ.m.t. N-asetýlumbrotsefnið (18%), N-glúkúróníð virka efnisins og N-asetýlumbrotsefnisins (24%) og virka efnið óbreytt (36%). Aðeins 4% af retigabíni eru skilin út í hægðum. Helmingunartími retigabíns í plasma er um 6 til 10 klukkustundir. Heildarúthreinsun retigabíns úr plasma eftir gjöf í bláæð er yfirleitt 0,4 til 0,6 l/klst./kg.

Línuleg tengsl

Lyfjahvörf retigabíns eru nánast línuleg yfir skammtabilið 25 til 600 mg fyrir staka skammta hjá heilbrigðum sjálfbóðaliðum og allt að 1.200 mg/dag hjá sjúklingum með flogaveiki og engin óvænt uppsöfnun varð í kjölfar endurtekinna skammta.

Sérstakir sjúklingahópar

Skert nýrnastarfsemi

Í rannsókn á stökum skömmtum jókst AUC fyrir retigabín um u.þ.b. 30% hjá sjálfbóðaliðum með væga skerðingu á nýrnastarfsemi (kreatínínúthreinsun 50 til 80 ml/mín.) og um u.þ.b. 100% hjá sjálfbóðaliðum með miðlungs- til verulega skerta nýrnastarfsemi (kreatínínúthreinsun < 50 ml/mín.), samanborið við heilbrigða sjálfbóðaliða. Mælt er með aðlögun skammta af Trobalt hjá sjúklingum með miðlungs- til verulega skerta nýrnastarfsemi, en ekki er mælt með neinni aðlögun skammta af Trobalt hjá sjúklingum með væga skerðingu á nýrnastarfsemi (sjá kafla 4.2).

Í rannsókn með stökum skömmtum hjá heilbrigðum sjálfbóðaliðum og einstaklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi, jókst AUC fyrir retigabín um u.þ.b. 100% hjá einstaklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi miðað við heilbrigða sjálfbóðaliða.

Í annarri rannsókn með stökum skömmtum, hjá einstaklingum með nýrnasjúkdóm á lokastigi sem fengu langvarandi blóðskilun (n = 8), leiddi skilun sem hófst u.þ.b. 4 klst. eftir gjöf staks skammts af retigabín (100 mg), til lækkunar á þéttni retigabíns í plasma um 52% að miðgildi, frá upphafi til loka skilunar. Flutfallsleg lækkun á þéttni í plasma meðan á skilun stóð var á bilinu 34% til 60%, nema hjá einum einstaklingi þar sem lækkunin var 17%.

Skert lifrarstarfsemi

Í rannsókn á stökum skömmtum komu ekki fram klínískt marktæk áhrif á AUC fyrir retigabín hjá sjálfbóðaliðum með væga skerðingu á lifrarstarfsemi (5 til 6 á Child-Pugh-kvarða). AUC fyrir retigabín hækkaði um u.þ.b. 50% hjá sjálfbóðaliðum með miðlungsskerta lifrarstarfsemi (7 til 9 á Child-Pugh-kvarða) og um u.þ.b. 100% hjá sjálfbóðaliðum með verulega skerta lifrarstarfsemi (> 9 á Child-Pugh-kvarða), miðað við heilbrigða sjálfbóðaliða. Mælt er með aðlögun á Trobalt skammtinum hjá sjúklingum með miðlungs- eða verulega skerta lifrarstarfsemi (sjá kafla 4.2).

Líkamsþyngd

Í þýðisgreiningu á lyfjahvörfum, jókst úthreinsun retigabíns með auknu yfirborðsflatarmáli líkamans. Aukningin er hins vegar ekki talin hafa klínísku þýðingu og þar sem retigabínsskammtar eru aðlagðir samkvæmt svörun og þoli einstakra sjúklinga er ekki þörf á skammtaaðlögun á grundvelli líkamsþyngdar.

Aldraðir (65 ára og eldri)

Í rannsókn á stökum skömmtum var brotthvarf retigabíns hægara hjá heilbrigðum öldruðum sjálfboðaliðum (66 til 82 ára að aldri) miðað við heilbrigða unga fullorðna sjálfboðaliða, sem leiddi til hærri AUC (u.þ.b. 40 til 50%) og lengri lokahelmingunartíma (30%) (sjá kafla 4.2).

Kyn

Niðurstöður úr rannsókn á stökum skömmtum sýndu að hjá ungum fullorðnum sjálfboðaliðum var C_{max} fyrir retigabín u.þ.b. 65% hærri hjá konum en körlum og hjá öldruðum sjálfboðaliðum (66 til 82 ára) var C_{max} u.þ.b. 75% hærri hjá konum samanborið við karla. Þegar C_{max} var leiðrétt m.t.t. þyngdar, voru gildin u.þ.b. 30% hærri hjá ungum konum en körlum og 40% hærri hjá öldruðum konum en körlum. Hins vegar var enginn greinanlegur munur milli kynja á úthreinsun leiðrétti m.t.t. þyngdar og þar sem retigabínsskammtar eru aðlagðir samkvæmt svörun og þoli einstakra sjúklinga er ekki þörf á skammtaaðlögun á grundvelli kyns.

Kynþáttur

Greining á mörgum rannsóknum hjá heilbrigðum sjálfboðaliðum sýndi 20% skerðingu á úthreinsun retigabíns hjá heilbrigðum svörtum sjálfboðaliðum samanborið við heilbrigða sjálfboðaliða af hvítum kynþætti. Þessi áhrif eru hins vegar ekki talin hafa klínísku þýðingu og því ekki mælt með skammtaaðlögun fyrir Trobalt.

Börn

Lyfjahvörf retigabíns hafa ekki verið rannsökuð hjá börnum yngri en 12 ára.

Opin rannsókn með endurteknum skömmtum, á lyfjahvörfum, öryggi og þoli, hjá 5 þátttakendum á aldrinum 12 til 18 ára með staðbundin hlutaflog, sýndi að lyfjahvörf retigabíns hjá unglingum eru í samræmi við lyfjahvörf retigabíns hjá fullorðnum. Hins vegar hafa verkun og öryggi retigabíns ekki verið ákvörðuð hjá unglingum.

5.3 Forklínískar upplýsingar

Hámarksskammtar við rannsóknir á eiturverkunum eftir endurtekna skammta takmörkuðust af ýktum lyfjafræðilegum áhrifum retigabíns (þ.m.t. hreyfiglöpum, vanhreyfni og skjálfta). Útsetningin hjá dýrum þegar engin áhrif komu fram var almennt minni en næst hjá mönnum við ráðlagða klínísku skammta.

Þensla í gallblöðru kom fram í rannsóknum hjá hundum en engar vísbendingar voru um gallteppu eða önnur einkenni um starfstruflun í gallblöðru og rúmmál gallflæðis var óbreytt. Þensla í gallblöðru hjá hundum leiddi til staðbundinnar samþjöppunar lifrar. Engar klínískar vísbendingar um starfstruflun í gallblöðru komu fram.

Aðrar upplýsingar en klínískar benda ekki til neinnar sérstakrar hættu fyrir menn, á grundvelli rannsókna á eiturverkunum á erfðaeftni og krabbameinsvaldandi áhrifum.

Eiturverkanir á æxlun

